

Moðreykur um Múhammedstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. I: Inngangur og trúarbrögð

Bandaríski blaðamaðurinn, Robert Dreyfus, hefur skrifað áhugaverða bók með titlinum, „Djöfulsleikar. Hvernig Bandaríkin leystu úr læðingi rétttrúnað í íslamskri trú“ (Devil’s Game. How United States Helped Unleash Fundamentalist Islam). Bókin kom út 2005.

Höfundur segir á þessa leið: Þetta er sagan um það, hvernig Bandaríkjamenn fjármögnuðu og hvöttu hægrisinnaða öfgamenn meðal Múslíma til dáða, stundum fyrir allra augum, stundum í leyni. Í „Djöfulsleiknum“ leitast ég við að varpa ljósi á leyndina. Það er mikilvægt, þar eð fátt eru um þá stefnu vitað, en henni hefur verið fylgt í sex áratugi. Stefnan hefur alið af sér hryðjuverk Múslíma um víða veröld. Satt best að segja var hið verðandi heimsveldi Bandaríkjanna í Miðausturlöndum, Norður-Afríku, Mið- og Suður-Asíu, svo skipulagt, að Íslam sem stjórnarstefna yrði ein grunnstoða þess.

Nokkur orð um Múhammedstrú eða Íslam, áður en lengra er haldið: Múhamedstrú, þ.e. trúin á spámanninn Múhammed eða Muhammad ibn Abdullah (570?-632) er einnig kölluð á enskri tungu „Muslimism, Islam, Mohammedanism, Muhammadanism og Muslimism.“ „Islamism“ eða „Pan-Islamism“ er oft og tíðum notað um rétttrúnaðarhyggju, öfgatrú og yfirráðahyggju.

Muhammad, fæddur í Mekka á Arabíuskaganum, fékk opinberun í helli og gerðist boðberi Guðs, Alla (Allah). Múhammed var talinn fjórði í röð hinna miklu spámanna. Hinir fyrri voru: Abraham, Móses og Jesús Maríuson. Um þá er fjallað í Biblíunni, Gamla og Nýja Testamentinu.

Múhammedstrú eða Íslam merkir að gefa sig Guði á vald. Sá sem það gerir er trúmaður (muslim). Muhammad lofaði öllum hinum stríðandi ættkvíslum Arabíuskagans skjóli í stórum faðmi hins nýja íslamska ríkis hans, umma. (Umma merkir samfélag fólks, sem sameinast með skírskotun til sameiginlegrar trúar fremur ættbálkatengsla.)

Lesi má um boðskap Allah í trúarritinu Kóraninum – sambærilegt rit Biblíu kristinna manna og Gyðinga. Allah er í sjálfu sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Trúræknin hvílir á fimm undirstöðum: (1) Bænagjörð fimm sinnum á dag, (2) föstum, (3) bænagjörð í hinum heilaga mánuði, Ramadan, (4) pílgrímsför til Mekka, að minnsta kosti einu sinni í lífinu, og (5) ölmusu handa fátækum trúarsystkinum.

Þegar andlátíð bar að, var Muhammad máttugasti höfðingi Arabíu. Þá upphófst erjur um erfðaröðina. Sumir vildu að Ali bin Abu Talib (600-661), tengdasonurinn, tæki við. „Shiat Ali“ voru þeir kallaðri eða einfaldlega „Shia.“

„Imam“ er sá kallaður, er veitir bænahaldinu forystu, en „ulama,“ er sá hópur fræðimanna, sem trúað er fyrir (að hálfu Sunnítu) túlkun Kóransins. „Jihad“ er lykilhugtak og merkir ýmist innri baráttu hvers og eins við samvisku sína eða baráttuna fyrir félagslegum og efnahagslegum rétti systra og bræðra í trúnni.

Hinn hópurinn, Sunnítar, sem er lang fjölmennastur, vildi hins vegar, að náinn vinur og tengdafaðir Spámansins, Abu Bakr/Abd Allah Ibn Abi Quihafa (573-634), tæki við stjórnartaumunum. Hann varð fyrsti kalífinn. Fylgismenn hans kenndu sig við hefð (sunna) og urðu Sunni. Trúarlega er óverulegur munur á fylkingunum. Í Sádí-Arabíu eru Sunnítar fjölmennastir, Shia í Íran.

Safavidar er íslömsk trúarregla, sem stofnaði klerkaveldi í Persíu (Íran). Safavidar aðhylltust Shia tilbrigðið við Múhammedstrú og beittu sér fyrir eflingu þess siðar. Í því tilliti var prestastéttin (ulama) einkar mikilvæg.

Löggjöf Múhammedstrúarmanna er kölluð saría (sharia, shariah), þ.e. lög Guðs eða Alla. Þau tóku til stjórnunar, tengsla, afbrota, verslunar og trúar. Þau voru komin frá Guði, sem var óskiptur, einn og sannur. Lög- og guðfræði í Múhammedstrú er stunduð í skólum, nefndum Madrasa. Bænahús Múhammedstrúarmanna eru moskurnar (mosque). Hadith er kallað spekisafn spámansins – um orð hans og æði. Íslömsk lög grundvallast á túlkunum guðspekinga (ulama) á hinni helgu bók, Kóraninum og Hadith.

Áratugum og öldum eftir andlát Múhammeds voru færð í letur boð hans eða skipanir í hina helgu bók, Kóraninn. Múhammed var fyrirmynd hins fullkomna manns í guðslíki. Líferni hans skyldi vera til eftirbreytni, menn skyldu feta troðna slóð hans. Þessi eftirbreytni er kölluð sunna eða hefð eins og fyrr er ýjað að.

“Fyrstu tvær til þrjár aldirnar eftir dauða Múhammeds eru stundum nefndar öld arabískrar eingyðistrúar. Ýmis guðfræðileg og pólitísk atriði Íslams mótuðust: (1) Árið 651 (þ.e. tiltölulega snemma) kemst texti Kóransins, hins helga rits múslima, í endanlegt form. (2) Um kennivald Múhammeds og kalífans (eftirmanns hans). (3) Um lagaleg efni í tengslum við hadith (safn orða Múhammeds og sagna um hann). (4) Líf spámansins varð siðferðilegt fordæmi, sunna (“hin farna leið” spámansins, þ.e. afrek hans og ummæli sem leiðarvísir og fordæmi); fjórar meginstefnur (“skólar”). (5) Múhammed sem vammlaus maður, holdgervingur vilja guðs.“ ...

“Fjórir „lagaskólar“ kenndir við stofnendur sína: (1) Abu Hanifah (699-767, Tyrkland, Mið-Asía). (2) Malik b. Anas (um 711-795; Norður-Afríka). (3) al-Shafi’i (767-820; A-Afríka, A-Asía). (4) Ibn Hanbal (um 780-855; Arabíuskaginn).

Tveir meginstraumar íslamskrar heimspeki, skólaspeki (kalam) og rökheimspeki (falsafa) sem byggði á kenningum [forngríska heimspekingsins] Aristótelesar [394-322].” (Sverrir Jakobsson. Námskeið í heimssögu, HÍ, haust 2013, glæra.)

Hlýðni við saría lögin er leiðin til hins góða lífs, lífs í guðsótta. Meginuppspretta laga og lagatúlkunar er sem sé Kóraninn sjálfur, svo og „Vegurinn“ (Sunnah, Hadith), orð og gjörðir Spámansins. Túlkun saría er mismunandi eftir samfélögum. Sums staðar eins og í Tyrklandi gilda veraldleg lög. Annars staðar er farið beggja bil og í bland.

Íslömsk trú, þ.e. Múhammedstrú og stjórnarhættir héldust hönd í hönd. Ættflokkar á Arabíuskaganum höfðu viðurkennt trúarreynslu Múhammeds spámans og kenningu hans um 632. Um öld síðar ríktu íslamskir leiðtogar meira eða minna í ríkjunum umhverfis Miðjarðarhafið, Írak og Persíu (Íran) og á Norður Indlandi.

Bagdad í Írak varð andleg miðstöð múslíma. Klofnings varð vart þegar á áttundu öld. Klofningur þessi hafði víðtækar afleiðingar, ekki einungis, hvað varðar yfirráð yfir heimsveldinu, heldur einnig með tilliti til trúarspeki og heimspeki. Innan Sunni hreyfingarinnar urðu til fjögur meginbrigði eða lagastefnur.